

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans á Ísafirði
2009-2010



Unnið af Guðrún Á. Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

Sjálfsmatsskýrsla	0
Menntaskólans á Ísafirði	0
2009-2010	0
Unnið af Guðrún Á. Stefánsdóttir	0
Inngangur	3
Stofnunin og einkenni hennar.....	3
Nemendur	3
Kennarar og aðrir starfsmenn	4
Stjórnskipulag skólans.....	4
Skólanámskráin	5
Samvinna skóla.....	7
Nánar um verkefnin sem unnin voru á starfsárinu 2009-2010.....	7
Próf:.....	7
Tölfræði prófa:	7
Miðannarmat:	8
Kennsluáætlanir:	8
Móttaka nýrra kennara:	8
Starfsmannasamtöl:	8
Handbók fyrir starfsmenn:	8
Umbótaáætlun MÍ (samþykkt í janúar 2010):.....	8
Fundir	10
Skólanefndarfundir:	10
Skólaráðsfundir:	10
Stjórnendafundir:.....	10
Stjórnenda og námsráðgjafafundir:	10
Kennarafundir-skólafundur:.....	10
Fimmtudagsfundir:.....	11
Sviðsfundir:	11
Námskrárfundir:	11
Námsráðgjafafundir:	12
Fundir umsjónarkennara og nemenda:.....	12

Fundir með foreldrum nýnema:.....	12
Starfshópar.....	12
Jafnréttisnefnd	12
Forvarnarteymi	12
Leiðsagnarmat.....	13
Námskrárnefnd.	13
Ritgerðasmíð	13
Ritnefnd um sögu skólans	13
Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2009-2010	13
Fundir sjálfsmatsnefndar:	14
Lykilþættir sem á að meta innan skólans skv. sjálfsmatsáætlun til 2013	15
Hjálpartæki við matið:.....	16
Skv. skólasamningi 2009: Áætlun um mælanleg markmið fram til haustannar 2012:	16
Hvernig stóðust mælanlegu markmiðin skv. skólasamningi 2009?	16
Kannanir sjálfsmatsnefndar	17
Aðgerðaráætlun kannana árin 2009-2013:.....	17
Nánar um verkefnin sem unnin voru af sjálfsmatsnefnd á starfsárinu 2009-2010:	17
Kennslukönnun	17
Foreldrakönnun.....	18
Könnun um líðan nemandu:.....	19
Tölfræðileg yfirlit.....	19
Tafla 1: Fjöldi starfsfólks	20
Tafla 2: Aldursdreifing starfsfólks (meðaltalsaldur).....	20
Tafla 3: Nemendafjöldi innritaður.....	20
Tafla 4: Fjöldi nýnema.....	20
Tafla 5: Fjöldi áfanga í töflu.....	20
Hvernig tókst til?	21
Hvernig verður matið nýtt?.....	22
Lokaorð	22

Inngangur

Hér á eftir fer sjálfsmatskýrsla Menntaskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 2009-2010. Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um skólann og einkenni hans, um mat á skólstarfinu og sjálfsmatsáætlun skólans. Gert er grein fyrir verkefnum sem unnin voru á starfsárinu og nánari útskýringar á aðferðum og niðurstöðum þegar það á við.

Í Menntaskólanum á Ísafirði hefur verið starfandi sjálfsmatsnefnd til margra ára en sjálfsmatsnefnd var fyrst komið á laggirnar 13. október 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Í þeim lögum komu í fyrsta skipti fram ákvæði um sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum þarf hver skóli að útfæra sínar sjálfsmatsaðferðir. Sjálfsmatinu er ætlað að meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert sem og finna leiðir til þess að laga það sem betur má fara. Tilgangurinn með sjálfsmati er fyrst og fremst sá að bæta og efla skólstarfið. Unnið er þróun sjálfsmats innan skólans.

Stofnunin og einkenni hennar

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla, sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Skólinn byggir því á gömlum grunni bóknáms- og iðnnáms. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautaskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á almenna námsbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Nemendur

Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Nýir nemendur eru innritaðir þegar umsókn með rafrænum hætti er lokið. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Fjöldi umsókna er mjög mismunandi eftir önnum og ræður þar mestu að stærsti hluti umsókna að vori eru nemendur sem eru að koma beint úr grunnskóla. Eftir valdag á hverri önn er ákvörðun tekin um hvaða áfangar verða í boði á næstu önn. Við upphaf 40. starfsárs MÍ voru skráðir nemendur 331 en voru 337 þann 1. febrúar. Alls greiddu 329 nemar gjöld, en 2 þeirra aðeins innritunargjaldið kr. 5.500. Í

dagskóla voru 324 sem er einum færri en á sama tíma í fyrra. Nýnemar voru 87 við upphaf skólaársins 2009-2010 en voru 77 við upphaf síðasta skólaárs.

Á vorönn er sérstök kynning fyrir grunnskólanema í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum og er þeim þá boðið í skólann. Þar er námsframboð kynnt og húsakynni sýnd og stjórn nemendafélagsins kynnt félagslífið. Nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum sækja valáfanga í verklegum greinum í MÍ.

Kennarar og aðrir starfsmenn

Skólaárið 2009-2010 störfuðu við skólann 38 starfsmenn þar af voru að jafnaði 30 kennarar í 26 stöðugildum á haustönn en 23,3 stöðugildum á vorönn. Í heilum stöðum voru 32 starfsmenn sem deildu með sér 37 stöðugildum. Yfirvinna í kennslu nam 4,9 stöðugildum á haustönn en á vorönn var yfirvinna í kennslu 2,5 stöðugildi. Sviðstjórar voru 11. Með kennsluréttindi voru samtals 21 kennari. Á vorönn voru 15 starfsmenn með meistarapróf og einn með doktorspróf og er það hæsta hlutfall sem verið hefur.

Stjórnskipulag skólans

Skólanefnd starfar við skólann og markar hún áherslur í starfi skólans og er tengiliður við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólanefnd er skólameistara til samráðs um námsframboð skóla, staðfestir starfsmannaráðningar, staðfestir skólanámskrána og fylgist með framkvæmd hennar og fylgist auk þess með fjárreiðum skólans. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar en formaður skólanefndar stýrir fundum hennar.

Skólaráð starfar við skólann og er kosið í upphafi hvers skólaárs. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar kennara sem kjörnir eru á fyrsta kennarafundi hvers skólaárs, áfangastjóri og aðstoðarskólameistari, auk fulltrúa nemenda. Nemendaráð kys tvo fulltrúa í skólaráð.

Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess. Námsráðgjafi er kallaður til fundar þegar rætt er um málefni einstakra nemenda. Skólameistari, í samvinnu við skólaráð, setur þau yfirmarkmið sem skólinn starfar eftir.

Sviðstjórar bera ábyrgð á markmiðssetningu í sínu fagi og móta markmið sinna sviða ásamt kennurum sem þar starfa.

Námskrárstjóri starfar að innleiðingu nýrrar námskrár í samráði við stjórnendur, sviðstjóra og kennara.

Skólanámskráin

Fram til 2001 var *Leiðarljós* handbók nemenda og starfsmanna gefin út á prenti fyrir skólabyrjun að hausti. Skólanámskráin er nú leiðarvísir um skólann ætluð nemendum, forráðamönnum, starfsmönnum og öllum sem vilja kynnast starfsemi skólans.

Skólanámskráin er bæði stefnuyfirlýsing og starfsáætlun skólans og byggir á gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla. Þar er að finna almennar upplýsingar um skólann, ýmsar reglur og inntökuskilyrði. Einnig eru upplýsingar um námsbrautir og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða. Skólanámskrá Menntaskólans á Ísafirði er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Áhaustdögum 2009 voru gerðar nokkrar breytingar á skólanámskránni og þær samþykktar á kennarafundi í janúar 2010. Endurskoðun skólanámskrárinnar er í höndum stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og síðan kynnt á skólanefndarfundum. Á vef skólans er hægt að nálgast skólanámskrána í heild sinni og eru allar breytingar uppfærðar á vefnum.

Stefna Menntaskólans á Ísafirði er birt í skólanámskrá og verður hér lagt mat á hvernig þeirri stefnu er framfylgt.

1. Kjörorð skólans eru metnaður, víðsýni, virðing, árangur. Skólinn stefnir að því að nemendur jafnt sem starfsfólk tileinki sér menningu vinnustaðarins með þessi kjörorð að leiðarljósi. ***Kjörorðin eru sett fram með myndrænum hætti og birt á heimasíðu skólans en betur mætti vinna að þessum markmiðum á heildrænan hátt í skólastarfinu.***
2. Stefnt er að samfelldum vinnudegi fyrir nemendur sem ýmist eru í kennslustundum eða í vinnustofu til að sinna verkefnavinnu undir verkstjórn. ***Þessi hugmynd hefur ekki farið lengra en í hugmyndavinnuna, enn vantar að koma henni í farmkvæmd.***
3. Skólinn leitist við að bjóða fjölbreytt námsframboð svo allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. ***Unnið er markvisst að aukningu námsframboðs í listum, nýsköpun og námi sem tengist veiðum og vinnslu sjávarafurða.***

4. Skólinn leitast við að setja námsefni, námsáætlanir og verkefni inn á kennsluvef skólans. **Markvisst hefur verið unnið að því að setja allt námsefni inn á Moodle sem er veflægt kennsluumhverfi skólans.**
5. Skólinn leitast við að efla leiðsagnarmat og símat og draga úr vægi lokaprófa. **Unnið er að þróun leiðsagnarmats við skólann undir leiðsögn áfangastjóra. Þegar til framtíðar er litið verður vægi verkefnatengds náms aukið og er leiðsagnarmat mikilvægur hlekkur í þeirri aðlögun.**
6. Skólinn stuðli að öfluggu forvarnarstarfi og tengi það sérstaklega við áfanga í lífsleikni. **Sérstakt forvarnarteymi er starfandi undir forsvari skólameistara og Stellu námsráðgjafa sem leggur línurnar fyrir forvarnir skólans. Forvarnir eru fléttaðar inn í lífsleiknina.**
7. Skólinn skal vinna markvisst gegn einelti. **Unnið er að eineltisáætlun skólans.**
8. Skólinn skal stuðla að öfluggu félagslífi meðal nemenda og meta það að uppfylltum fullnægjandi skilyrðum til eininga, svo og þátttöku þeirra í öðru félagsstarfi. **Nemendur sem eru í stjórn nemendafélagsins fá vinnu sína metna til valeininga.**
9. Skólinn skuli hvetja nemendur og starfsfólk til að tileinka sér jákvæð viðhorf til heilsuræktar alla ævi. **Skólinn er þáttakandi í heilsuefningu framhaldsskólanna, fyrsti undirbúningsfundurinn fer fram í nóvember.**
10. Skólinn hvetji foreldra til þátttöku í störfum foreldrafélags við að veita nemendum stuðning til heilbrigðra lífshátta og virkni í námi. **Foreldrafélag er við skólann. Foreldrar nýnema voru hvattir á kynningarfundi í ágúst til að starfa með félaginu. Fulltrúi foreldra er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd.**
11. Skólinn skal bjóða upp á dreifnám í sem flestum námsgreinum. **Vegna niðurskurðar hefur skólinn dregið úr framboði dreifnáms en skráð nemendur í P-nám í staðinn.**

12. Skólinn skuli bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og nýta margmiðlun, hvort heldur í bóknámi eða verknámi. **Skólinn hefur verið fartölvuvæddur og hafa allir nemendur skólans aðgang að fartölvum. Liður í breyttum kennsluháttum er að nota veflægt umhverfi og leiðsagnarmat.**
13. Skólinn skuli samþætta námsefni og bjóða upp á áfanga sem tengist sögu, atvinnuháttum og náttúru Vestfjarða öðru fremur þar sem því verður við komið. **Unnið er að þessum þáttum í tengslum við nýja námskrá.**
14. Skólinn leitist áfram við að eiga samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum til að ná markmiðum sínum. **Skólinn á mjög góð samskipti við fyrirtæki er tengjast verkgreinum skólans, fagfélögum, grunnskólum svæðisins og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.**

Samvinna skóla (VÍSASAUÐNES)

Samvinna er á milli MÍ, FNV, VA og FIV um innleiðingu nýju framhaldsskólalaganna. Áhersla er á uppbyggingu námsbrauta og vörpun áfanga yfir á þrep og samræmingu á innri ferlum skólanna. Samráðsfundir hafa verið nokkrir með stjórnendum en fyrirhugaðir samráðsfundir í ráðuneyti 19. október 2009 og samráðsfundur í desember fóru ekki fram. Skólameistarar hafa haft samráð sín á milli á símafundum á vorönn. Fjarnámsfundur/sviðsfundur var á starfsdögum í maí 2010 um yfirfærsluna en þar var rætt um vinnuna við brautir og áfanga.

Nánar um verkefnin sem unnin voru á starfsárinu 2009-2010

Próf: Prófstjóri sér um skipulagningu prófa og eftirlit með prófum. Hildur Halldórsdóttir, aðstoðarskólameistari er alla jafnan prófstjóri en sl. haust sá Guðrún Á. Stefánsdóttir, staðgengill aðstoðarskólameistara um prófstjórn. Eins og undanfarin ár skila kennarar prófum daginn fyrir prófdag í sérstakan prófskáp. Námsráðgjafar skila á hverri önn lista fyrir kennara um sérþarfir nemenda í prófum. Eitt af markmiðum samstarfs skólanna (VÍSASAUÐNES) er að þróa leiðsagnarmat og draga úr vægi prófa. Prófdögum hefur verið fækkað.

Tölfræði prófa: Kennarar sendu aðstoðarskólameistara yfirlit yfir tölfræði prófa. Skólameistari og aðstoðarskólameistari unnu úr þessum gögnum.

Miðannarmat: Á miðri önn voru nemendur metnir með miðannarmati og umsjónakennarar afhentu matið og gátu foreldrar nemenda undir 18 ára aldri skoðað það í Innu. Í kjölfarið var talað við þá nemendur sem virtust ekki vera að ná námsmarkmiðum.

Kennsluáætlanir: Í byrjun vorannar fengu kennarar sent samræmt útlit kennsluáætlunar. Kennarar setja kennsluáætlanir í sérmerкта möppu og á kennaradrifið í möppu merkt Áfangar.

Móttaka nýrra kennara: Aðstoðarskólameistari sinnti nýjum starfsmönnum. Farið var yfir hagnýt atriði er varða skólann og tölvukerfið. Skólameistari ræddi um launagreiðslur og gekk frá ráðningasamningi og vinnuskýrslum. Nýir starfsmenn voru kynntir fyrir samstarfsfólki sínu á fyrsta kennarafundi annarinnar.

Starfsmannasamtöl: Starfsmenn eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, þar sem þeir lýsa meðal annars helstu styrkleikum og veikleikum sínum í starfi og benda á það sem betur má fara, áður en viðtal fer fram. Í starfsmannaviðtölum ræðir skólameistari við starfsmenn um líðan, starfsaðstæður og árangur í starfi og niðurstöður úr kennslukönnunum ræddar. Engin formleg starfsmannasamtöl fóru fram að þessu sinni.

Handbók fyrir starfsmenn: Handbókina átti að endurskoða en var frestað vegna mikilla anna stjórnenda. Áætlað er að gefa handbókina út á vef skólans á haustönn 2010.

Umbótaáætlun MÍ (samþykkt í janúar 2010):

Yfirskrift vorannar: Ábyrgð – Agi: nemendur taki meira ábyrgð á sjálfum sér en áður.

a) Bæta ástundun nemenda.

Leiðir að markmiðum:

- Kennarar verði fyrirmyndir nemenda um stundvísi
- Grípa fyrr inn í vegna slakrar mætingar
- Setja markmið um mætingu nemenda
- Fagreinakennarar láti námsráðgjafa vita ef nemendur eru ekki að sinna sínu og mæta illa
- Senda foreldrum yngri en 18 ára tölvupóst á tveggja vikna fresti
- Mæting/ástundun gildi sem hluti af námseinkunn

Breytingar voru gerðar á eftirfylgni við nemendur og mæting og ástundun sett inn sem hluti af námseinkunn í öllum áföngum.

b) Vinna markvisst með heimanám.

Leiðir að markmiðum:

- Kennarinn noti síðustu 10-15 mínútur kennslustundar til að koma nemendum af stað í heimanáminu.

Kennarar hvattir til að nota ákveðinn tíma fyrir heimanámi. Einstaklingsbundið hvernig þetta til tókst.

c) Bæta umgengni í skólahúsnæði og á skólalóð.

Leiðir að markmiðum:

- Halda fund í upphafi annar með nemendum og kennurum um umgengni
- Umhverfis dagar í skólanum í vor (skemmtun á eftir)

Skólameistari ræðir við nemendur um umgengni á fundum í upphafi hverrar annar.

d) Efla samstarf nemenda og kennara.

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur og starfsfólk komi saman og njóti þess að gera eitthvað saman á önninni

Nemendur og starfsfólk halda sameiginlegt Sólarkaffi og grilla saman á busadegi og dimmision.

e) Faglegt samstarf kennara innan og milli fagreina verði aukið.

Leiðir að markmiðum:

- Vinnuhópar um ákveðin málefni til umbóta (Leiðsagnarmat)
- Vinnustofur og handleiðsla
- Kynning á námskeiðum sem kennarar hafa kost á að fara á

Aðstoðarskólameistari kynnrir námskeið sem koma til greina að fá hingað. Leiðsagnarmatsfundir eru haldnir reglulega.

f) Efla sjálfsmat sem grundvöll til úrbóta í skólastarfi.

Leiðir að markmiðum:

- Gera aðgerðarplan fyrir vorönn
- Setja markmið um mætingar
- Setja markmið með útkomu kannanna
- Nota sjálfsmat til enn frekari umbóta í skólastarfinu (enginn fundur á önninni)

Sjálfsmatsáætlun til 2013. Markmið um mætingu í skólasamningi.**g) Aðlaga skólastarfið nýjum lögum.**

Leiðir að markmiðum:

- Vinna með brautir, áfanga og ýmsar stefnur skólans
- Vinna að skólanámskrá eftir nýju lögunum.

Innleiðingarferlið gengur frekar hægt. Sjá skýrslu námskrárstjóra um innleiðinguna***Fundir***

Skólanefndarfundir: Skólanefnd er skólameistara til samráðs um starf skólans, fjárreiður hans og starfsmannamál. Áheyrnarfulltrúar kennara, nemenda og foreldra sitja skólanefndarfundir. Fundir skólanefndar voru sex á starfsárinu 2009-2010.

Skólaráðsfundir: Fimmtán fundir voru haldnir í skólaráði á starfsárinu. Fundir eru haldnir að meðaltali aðra hvora viku. Farið var yfir undanþágur og frávik frá skólasókn og innra starf skólans svo og hagsmunamál nemenda.

Stjórnendafundir: Á vikulegum fundum stjórnenda var m.a. farið yfir stöðu ýmissa mála og eftirfylgni þeirra og skólastarfið skipulagt.

Stjórnenda og námsráðgjafafundir: Á vikulegum fundum stjórnenda og námsráðgjafa var farið yfir málefni er snúa að nemendum og eftirfylgni þeirra mála.

Kennarafundir-skólafundur: Almennir kennarafundir fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Á

kennarafundum er kosið í ýmsar nefndir skólans. Á fyrsta kennarafundi skólaársins 2009-2010 voru allir starfsmenn skólans boðaðir með því markmiði að halda skólafund um leið en fulltrúar nemenda voru ekki boðaðir þannig að löglegur skólafundur var ekki haldinn á skólaárinu. Sjö kennarafundir voru haldnir á skólaárinu: fjórir á haustönn og þrír á vorönn. Með tilkomu netsins fara flestar tilkynningar þá leið til starfsfólks sem áður komu fram á kennarafundum.

Fimmtudagsfundir: Fastur fundartími er á stundatöflu á fimmtudögum. Dagskrá er auglýst í atburðadagatali skólans s.s. umsjón, fræðslu- og kynningarefni, heimsóknir í ýmsar deildir skólans eða út fyrir skólann. Nemendur voru oft með auglýsta dagskrá á sama tíma.

Sviðsfundir: Sviðstjórar funduðu með sínu fagsviði. Aðstoðarskólameistari fundar með sviðstjórum einu sinni á önn. Farið var yfir gang mála innan sviðsins s.s. kennslumagn og kennsluáætlun. Hlutverk sviðsstjóra er að leiða faglegt samstarf á sínu sviði og hafa umsjón með gerð kennsluáætlana, kennslu, vali á námsefni, námsmati og þróunarvinnu í samvinnu kennara í grein sinni eða greinum.

Námskrárfundir: Haldnir voru sérstakir fundir um námskrána með kennurum auk funda með sviðstjórum og stjórnendum. Mí fer eftir þeim viðmiðum, sniðmátum og reglum sem settar eru við framsetningu námsbrauta. Vinna að gildum, markmiðum og stefnum hefur farið fram innan skólans.

- Eftir vinnufund meðal kennara og stjórnenda Mí þann 11. febrúar sl. kom fram ný hugsun við brautirnar. Á vinnufundum í kjölfarið voru lagðar línur að uppbyggingu nýrra námsbrauta við skólann.
- Vörpun áfanga hefur verið í samstarfi við VÍSASAUÐNES, ásamt samræmingu á innri ferlum skólanna svo og grunnvinnu að bóknámsbrautum, verknámið hefur verið skoðað út frá því að skólarnir hafi svipað nám á fyrsta ári.
- Ein veigamesta breytingin í nýrri skólanámskrá verður verkefnatengt nám og er leiðsagnarmat mikilvægur hlekkur í þeirri aðlögun. Unnið er að þróun leiðsagnarmats við skólann undir leiðsögn áfangastjóra.
- Unnið var að áætlun að framhaldsskólaprófi með kennurum nýnema svo og móttökuáætlun fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál og fyrir nemendur með miklar sérþarfir er í vinnslu.

Sjá skýrslu námskrárstjóra um innleiðinguna.

Námsráðgjafafundir: Á fundum námsráðgjafa er farið yfir málefni er varðar stöðu nemenda og umsjón með nemendum. Námsráðgjafar gera sérstaka námskrá um umsjón og námsráðgjöf (sjá fylgiskjal) og styðja við umsjónarkennara eins og kostur er. Námsráðgjafar eru tveir í hálfu starfi og sinna almennri ráðgjöf. Lögð er áhersla á að nemendur geti hvenær sem er leitað sér upplýsinga og aðstoðar hvort heldur er um að ræða vegna vals á námi eða almennra erfiðleika tengda námi. Sérstök námskrá er um námsráðgjöf og umsjón.

Fundir umsjónarkennara og nemenda: Námsráðgjafar skipulögðu umsjónartíma í upphafi hverrar annar. Umsjónarkennarar geta alltaf gengið að öllum gögnum um umsjón á kennaradrifinu í möppu merкта Umsjón. Fjórir skipulagðir umsjónartímar voru á hverri önn og einnig fengu nemendur yngri en 18 ára a.m.k. eitt einkaviðtal við umsjónarkennara. Umsjónarkennarar senda nemendur til námsráðgjafa ef með þurfti. Vegna eðlis áfangakerfis eru nemendur oft með nýja umsjónarkennara á hverri önn sem gerir erfiðara að fylgjast með námsframvindu og framförum hvers og eins og er það áhyggjuefni. Í MÍ voru allir kennarar með **umsjón** en þeirra hlutverk er að veita nemendum upplýsingar um áfangakerfið og nám og kennslu og aðstoða nemendur við námsval á fundum sem haldnir eru 4-5 sinnum á önn. Umsjónarkennurum nemenda yngri en 18 ára ber að hafa samband við foreldra ef nemendur stunda ekki nám eins og þeim ber. Fylgst er vel með mætingum nemenda til að bregðast við brottfalli.

Fundir með foreldrum nýnema: Við upphaf haustannar var foreldrum nýnema boðaðir á fund þar sem farið er yfir ýmiss mál er tengjast náminu, foreldrafélagið kynnt, námsráðgjafar og félagsmálastjóri kynna starfssvið sitt og umsjónarkennarar hitta foreldra sinna umsjónarnemenda.

Starfshópar

Jafnréttisnefnd: Jafnréttisáætlun var endurskoðuð á haustdögum 2009 með vísan í ný jafnréttislög nr. 10/2008. Í jafnréttisnefnd voru: Guðrún Á. Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hafberg og Tryggvi Sigtryggson.

Forvarnarteymi: Í forvarnarteymi voru: stjórnendur, námsráðgjafar og lífsleiknikennarar en úr þeim hópi er Stella Hjaltadóttir, námsráðgjafi sem ásamt skólameistara er í forsvari fyrir

stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Forvarnarteymið stuðlar að því að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans

Leiðsagnarmat: Vinnuhópur um innleiðingu leiðsagnarmat við skólann hóf störf á vorönn 2010. Stjórnandi vinnuhóps er Hreinn Þorkelsson, áfangastjóri.

Námskrárnefnd: Stjórnendur og námskrárstjóri ásamt kennurum vinna að innleiðingu nýrrar námskrár. Samvinna er á milli MÍ, FNV, VA og FIV um innleiðingu nýju framhaldsskólalaganna. Áhersla er á uppbyggingu námsbrauta og vörpun áfanga yfir á þrep og samræmingu á innri ferlum skólanna.

Ritgerðasmíð: Á námskrárnefndarfundum kom fram ósk um samræmdar leiðbeiningum fyrir nemendur varðandi ritgerðasmíð. Stjórnandi vinnuhóps um samræmdar reglur og ritgerðarmat var Hrafnhildur Hafberg.

Ritnefnd um sögu skólans: Í tilefni 40 ára afmælis skólans í haust hefur stafað ritnefnd til að vinna að útgáfu bókar um sögu skólans. Björn Teitsson, fyrrverandi skólameistari og sagnfræðingur vann að ritun bókarinnar. Bókin fór í prentun í júlí og verður formlega gefa út á afmælishátíð skólans 2. október n.k.

Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2009-2010

Við skólann fór fram sjálfsmat samkvæmt framhaldsskólalögum. Um matið sá sjálfsmatsnefnd sem valinn er til eins árs í senn. Hana skipuðu fulltrúar kennara og stjórnenda. Hópurinn bjó til árs- og langtímaáætlun sem ná yfir ýmiss verkefni sem snúa að innra mati skólans. Markmið sjálfsmatsnefndar var að halda utan um og sjá til þess að verkefni sem snúa að innra mati væri unnin, að stýra þeim og fylgja þeim eftir. Meðal þess sem metið er eru gæði kennslu, þjónusta sem skólinn býður uppá, aðstaða starfsfólks og nemenda og stjórnsýsla skólans. Sjálfsmatsnefnd tók saman ýmsar tölulegar upplýsingar er tengjast skólastarfinu til notkunar við markmiðssetningu fyrir skólastarfið.

Megintilgangur sjálfsmats er að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans og svo og meta hvort þessum markmiðum hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum innan skólans. Þetta á jafnt við um markmið skólans í skólanámskrá svo og markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Sjálfsmatið skapar þannig faglegan grundvöll fyrir umbætur í skólastarfinu (sjá drög að sjálfsmatsáætlun MÍ).

Sjálfsmatsnefnd hóf störf á haustönn 2009 þann 28. september. Í nefndinni voru Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari, Rúnar Helgi Haraldsson, sviðstjóri félagsgreina og Guðrún Á. Stefánsdóttir, staðgengill aðstoðarskólameistara en Hildur Halldórsdóttir var í barnsburðarleyfi þessa önn. Hildur mætti til starfa 1. febrúar 2010 og bættist þá í hópinn.

Menntamálaráðuneytið hefur séð um ytra mat Menntaskólans á Ísafirði. Úttektir hafa verið gerðar á vegum ráðuneytis árin 2000 og 2006. Nú síðast lét Menntamálaráðuneytið taka út sjálfsmatsaðferðir Menntaskólans á Ísafirði veturinn 2007-2008 og skilaði nefndin skýrslu til skólans 18. apríl 2008.

Nefndin hóf endurskoðun á sjálfsmatsáætlun með athugasemdir ráðuneytis í huga svo og undirbúning kennslukönnunar, auk þess var hafist handa við að skrifa skýrslu sjálfsmatnefndar fyrir sl. ár. Markmið fyrir skólaárið 2009-2010 er að bæta sjálfsmatsaðferðirnar og skila skýrslum á réttum tíma. Sjálfsmatshópurinn vinnur úr matskönnunum en hugsanlega skortir á að skrifa greinagóðar skýrslur eftir hverja könnun sem starfsmenn hafa aðgang að. Þar yrðu settar fram tillögur um umbætur. Misjafnlega gengur að fylgja niðurstöðum eftir og þarf að skerpa eftirfylgni. Einnig mætti þróa fjölbreyttara mat en viðhorfakannanir sem eru viðamiklar í úrvinnslu og mætti t.d. nota rýnihópa um einstök mál. Þá er mikilvægt að fylgja betur eftir þeim úrbótatillögum sem samþykktar eru og kanna reglulega hvort og þá að hvaða marki þær leiða til raunverulegra breytinga á skólastarfi

Fundir sjálfsmatsnefndar: Sjálfsmatsnefnd hélt reglulega fundi á starfsárinu, fimm sinnum á haustönn og fjórum sinnum á vorönn. Lögð var fyrir kennslukönnun á haustönn og foreldrakönnun á vorönn. Nefndarmenn skiptu með sér verkum milli funda. Rúnar Helgi Haraldsson sá um fyrirlögn kannana og tók saman niðurstöður. Guðrún Á. Stefánsdóttir ritaði sjálfsmatsskýrslu skólans.

Lykilþættir sem á að meta innan skólans skv. sjálfsmatsáætlun til 2013

Hvað gerum við?	Hve oft?	Hver	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Máí	Jún	Stóðst
Skólasókn	Vikulega	KEN	√	√	√	√		√	√	√	√			V
Skólasóknaryfirlit	Mánaðarlega	SKR		√	√	√		√	√	√	√			V
Miðannarmat	Á hverri önn	KEN			√					√				V
Mat sent foreldrum/Inna	Á hverri önn	ÁFS			√					√				V
Námsmat	Á hverri önn	KEN					√					√		V
Brottfall í áfanga	Á hverri önn	KEN					√					√		V
Úrslit prófa/námsmats	Á hverri önn	KEN					√					√		V
Úrslit prófa, samantekt	Á hverri önn	SSTJ					√					√		Ólokið
Stjórnendur														
Starfsþróunarviðtöl	Á hverri önn	SKM				√	√		√	√	√			Ekki gerð
Skýrsla um úrslit prófa	Á hverri önn	ASM						√					√	V
Skýrsla um skólasókn	Á hverri önn	ASM						√					√	V
Skýrsla um brottfall	Á hverri önn	AMS						√					√	V
Ársskýrsla	Árlega	SKM											√	V
Skólanámskráin	Á hverri önn	NSK	√	√	√	√	√	√	√	√	√	√	√	V
Markmið skólanámskrár	Á hverri önn	NSK						√					√	
Sjálfsmatsnefnd			H 2009	V 2010	H 2010	V 2011	H 2011	V 2012	H 2012	V 2013	H 2013	V 2014		
Kennslukönnun	Þriðju hv.önn	SMN	√			√			√			√		V
Foreldrakönnun	Þriðju hv.önn	SMN		√			√			√				V
Stjórnunarkönnun	Þriðju hv.önn	SMN			√			√			√			
Þjónustukönnun	Þriðju hv.önn	SMN			√			√			√			
Könnun/líðan nemenda	Þriðju hv.önn	SMN		√			√			√				Hætt við
Sjálfsmatskýrsla	Árlega	NSK			√									
Foreldrakönnun	Þriðju hv.önn	SMN		√			√			√				V
Stjórnunarkönnun	Þriðju hv.önn	SMN			√			√			√			
Þjónustukönnun	Þriðju hv.önn	SMN			√			√			√			
Könnun/líðan nemenda	Þriðju hv.önn	SMN		√			√			√				Ekki gerð

Skammstafanir: KEN=kennarar, SKR= skrifstofa, SSTJ= sviðstjórar, SMN = sjálfsmatsnefnd, SKM = skólameistari, ASM = Aðstoðarskólameistari, ÁFS = áfangastjóri, NSK=námskrárstjóri,

Ferlið felst í því að geta skoðað það sem fram fer í skólastarfinu og vinna að þeim markmiðum sem sett voru og skoða hvernig til hefur tekist og setja ný markmið.

Hjálpartæki við matið: Spurningalistar, viðhorfskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.s.frv.

Skv. skólasamningi 2009: Áætlun um mælanleg markmið fram til haustannar 2012:

Markmið	V2010	H2010	V2011	H2011	V2012	H2012
98% nýnema á Norðan.Vestjörðum innritist í MÍ	98%	98%	98%	98%	98%	98%
95% allra skili sér í próf í annarlök. Brottfall úr áföngum	93%	92%	95%	94%	95%	95%
Hlutfall nemenda með 90% skólasókn	40%	50%	70%	70%	80%	80%
100% nýnema í viðtal til námsráðgjafa	60%	65%	75%	85%	90%	100%
80% áfanga með leiðsagnarmat	51%	55%	65%	70%	75%	80%
50% bóklegra áfanga í dreifnám	20%	30	35	40	45	50
Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara	2	2	2	2	2	2
Hallalaus rekstur	2%	2%	0	0	0	0

Hvernig stóðust mælanlegu markmiðin skv. skólasamningi 2009?

	Mæld markmið	Áætlun V2010
98% nýnema á Norðan.Vestjörðum innritist í MÍ	91,6%	98%
Brottfall úr áföngum	10,7%	7%
Brottfall miðað við höfðatölu	13,2%	-
Hlutfall nemenda með 90% skólasókn	38,6%	40%
100% nýnema í viðtal til námsráðgjafa	Hófst h2010	60%
80% áfanga með leiðsagnarmat	40%	51%

50% bóklegra áfanga í dreifnám	8,7%	20%
Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara	1	2
Hallalaus rekstur	5%	2%

Kannanir sjálfsmatsnefndar

Aðgerðaráætlun kannana árin 2009-2013:

Kannanir	H 2009	V 2010	H 2010	V 2011	H 2011	V 2012	H 2012	V 2013	H 2013
Kennslukönnun	X			x			X		
Foreldrakönnun		X			x			x	
Stjórnunarkönnun			x			x			x
Þjónustukönnun			x			x			
Könnun/líðan nemenda/um skólann/annað		X *			x			x	

* Hætt við þar sem sambærileg könnun hafði verið gerð af Rannsókn og greiningu.

Nánar um verkefnin sem unnin voru af sjálfsmatsnefnd á starfsárinu 2009-2010:

Kennslukönnun

Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera spurningarnar þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar. Í kennslukönnuninni svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, námsbækur og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. Kennarahópurinn kom mjög vel út úr nemendakönnunum og hefur einnig gert það á undanförunum árum. Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaáætlun hvers árs. Einnig á að nýta niðurstöður nemendakönnunar sem grunn í starfsmannaviðtölum skólameistara við kennara.

Framkvæmd

Kennslukönnun var lögð fyrir nemendur sem tók til allra áfanga skólans, bóklegra og verklegra. Könnunin fór fram rafrænt dagana 9. nóvember – 12. nóvember 2009 í Moodle sem er veflægt kennsluumhverfi skólans. Almennur hluti könnunarinnar tekur fyrir ákveðna þætti úr starfi skólans. Haustið 2009 var sá hluti m.a. tileinkaður notkun á skólakerfinu Moodle og einnig fengu nemendur að koma með ábendingar um skólastarfið. Áætlað var skv. áætluninni að birta helstu niðurstöður opinberlega og þær kynntar viðkomandi aðilum. Rúnar Helgi Haraldsson, sviðstjóri félagsgreina sá um úrvinnslu.

Niðurstöður

Illa gekk í þetta sinn að draga saman niðurstöður könnunar vegna kerfisvillu. Könnunin var að þessu sinni gerð í Moodle en greinilegt er að Moodle kerfið hefur ekki sömu möguleika og Námskjárin hafði til úrvinnslu. Hluti niðurstöðna könnunar misfórst því af tæknilegum ástæðum. Unnið var úr könnuninni í janúar og skólameistari sendi kennurum niðurstöður í maí. Þar sem ekki var hægt að draga fram almenna þætti úr könnunni er ekki hægt að fjalla um niðurstöður og er það miður.

Kallað er eftir góðu forriti til að vinna slíkar kannanir sem verði aðgengilegt framhaldsskólum og hver skóli geti aðhæft svolítið sínum þörfum. Spurning er hvort Menntamálaráðneytið geti ekki beitt sér í þá veru.

Foreldrakönnun

Framkvæmd

Viðhorfakönnun meðal foreldra nemenda 18 ára og yngri. Sendir voru spurningarlistar til allra foreldra nemenda undir 18 ára sem eru með netfang skráð í skólanum þann 23. apríl 2010. Könnunin var send á 164 netföng. Í einhverjum tilfellum var póstur sendur á báða foreldra/forráðamenn. Einhver netföng virtust ekki vera virk og komust því ekki til skila. Ekki voru góðar heimtur úr þessari könnun en aðeins 45 foreldrar svöruðu könnuninni, 16 feður og 29 mæður. Verður því að endurskoða aðferðina fyrir næstu könnun. Könnunin er því ekki tölfræðilega marktæk en lítið á svörin sem leiðbeinandi. Samantekt á þeim svörum sem bárust úr foreldrakönnuninni sýnir mjög jákvætt viðhorf foreldra sem til skólans. (Sjá samantekt

í viðhengi) Niðurstöður voru kynntar fyrir kennurum og foreldrum á nýnemafundi á haustönn 2010.

Dæmi um styrkleika skólans: 93% foreldra sem svöruðu voru sammála eða frekar sammála um að barninu þeirra líði vel í skólanum og að skólinn haldi vel á málefnum sem tengjast nemendum. 93% voru sammála eða frekar sammála um þjónustu skólans s.s. umsjón, námsráðgjöf, skrifstofu, bókasafn og mötuneyti. 87% voru sammála eða frekar sammála um að samskipti við kennara og stjórnendur séu góð.

Dæmi um veikleika skólans: 78% þeirra foreldra sem svöruðu könnuninni voru sammála eða frekar sammála um að agi í skólanum sé hæfilegur. Ábendingar komu einnig fram um slík atriði. Hér gætum við því tekið okkur á.

Spurt um foreldrasamstarf: 72% þeirra sem svöruðu sögðust ekki hafa áhuga á að starfa í foreldrafélaginu en 41% þeirra sem svöruðu sögðust hafa áhuga á að vera á foreldravakt.

Ýmsar tillögur til endurbóta komu fram: Dæmi um svör: Ósk um meiri aga og reglu á nemendum og kennarar, meira aðhald með námi nemenda, betri umsjón og eftirfylgni, láta vita fyrr ef stefnir í óefni, betra eftirlit námsráðgjafa með námslokum nemenda, faglega bókasafnskennslu, skrá betur leyfi í Innu, kennarar mæti stundvíslega í tíma, aðstoð við heimanám, annað mat á íþróttum en mætingar, betri upplýsingar um námsmat í Moodle svo og kröfur um frágang á verkefnum.

Könnun um líðan nemanda: Ákveðið að fresta henni fram á haust 2010. Ljóst er að nú mun verða lögð fyrir stór könnun um líðan nemenda á vegum Rannsóknar og greiningar á haustönn 2010 og spurning hvort hún verður ekki látin nægja því skólinn fær aðgang að niðurstöðum þeirrar könnunar.

Tölfræðileg yfirlit

Ýmsum tölulegum upplýsingum hefur verið safnað innan skólans í áranna rás.

Skólameistari/aðstoðarskólameistari hafa haft yfirsýn yfir ýmsar tölulegar upplýsingar varðandi innra mat skólans s.s. fjölda nemenda í skólanum, kennslu, brottfall o.fl. Þessar upplýsingar eru birtar í ársskýrslu skólans. Í sjálfsmati skóla felst að greina tölulegar upplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á skólastarfið í MÍ, marka stefnuna og gera árlegar aðgerðaáætlanir. Hér á eftir má finna ýmsar tölulegar upplýsingar úr INNU. Hildur Halldórsdóttir, aðstoðarskólameistari tók saman.

Tafla 1: Fjöldi starfsfólks

	H08	V09	H09	V10
Konur	18	19	15	16
Karlar	21	23	21	22
Alls:	39	42	36	38

Tafla 2: Aldursdreifing starfsfólks (meðaltalsaldur)

	H08	V09	H09	V10
Konur	45,7	47,3	45,9	46,6
Karlar	48,6	49,6	49,4	50,2

Tafla 3: Nemendafjöldi innritaður


	H08	V09	H09	V10
Konur	170	158	168	157
Karlar	170	157	177	148
Alls:	340	315	345	305

Tafla 4: Fjöldi nýnema

	H08	V09	H09	V10
Konur	39	1	31	2
Karlar	43	1	43	0
Alls:	82	2	4	2

Tafla 5: Fjöldi áfanga í töflu

H08	V09	H09	V10
145	129	122	115



Hvernig tókst til?

Færri nýnemar sóttu um skólann en áætlað var og er munurinn 8 nemendur sem er áhyggjuæfni. Líklegasta ástæðan er áframhaldandi brottflutningur fólks af svæðinu. Brottfall úr áföngum er mun minna en gert var ráð fyrir. Hvað þessu veldur er ekki alveg ljóst en benda má á aukna upplýsingagjöf til foreldra, áminning um skólasókn barst fyrir en oft áður, markvissari áætlun um námsráðgjöf og umsjón ásamt eftirfylgni hafa vafalaust á stóran þátt í minnkandi brottfalli. Brottfall miðað við höfðatölu er mun meira en úr áföngum og sem sýnir að þeir nemendur sem eru skráðir í fáa áfanga heltast frekar úr lestinni en hinir sem eru í fullu námi. Nokkuð vantar á að markmið hafi náðst um fjölda áfanga í leiðsagnarmati en og fleiri áfanga að verða með leiðsagnarmati en nú er. Við upphaf vorannar 2010 eru 76 nemendur sem komu beint úr grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum en 74 voru á skrá 5 okt. 2009.. Við upphaf haustannar 2009 eru 84 taldir sem nýnemar ú grunnskólum á norðanveðrum Vestfjörðum eða 97% nemenda úr 10 bekk miðað við töluna 87 sem fengin beint frá skólastjórnendum grunnskólanna. Í tölum Hagstofunnar eru 96 nemendur skráðir í 10. bekk í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum. Þessar tölur sýna í raun fækkun íbúa og gefur einnig til kynna að tölum ber ekki saman. Af þessum ástæðum er mikilvægt að fara vel yfir allar þær tölulegu upplýsingar sem skólinn vill hafa á réttum tíma þannig að hægt sé að sannreyna þær eins og t.d. að fá uppgefið fyrir forinnritun hve margir nemendur eru á upptökusvæði skólans og síðan að taka þessar tölur aftur við upphaf skólaársins. Mælanleg markmið um fjölda áfanga í dreifnámi náðust alls ekki en þar hefur orðið mikill niðurskurður. Í niðurskurðinum hefur áföngum verið fækkað á sl. árum og hópar stækkaðir. Miðað Námsframboð hefur minnkað um 13,5% milli skólaára miðað við fjölda áfanga. Áframhaldandi niðurskurður á námsframboði kæmi niður á einu af aðalmarkmiðum skólans

þ.e. „að bjóða fjölbreytt námsframboð svo allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum“ auk þess sem það myndi ýta enn frekar undir brottflutning og fækkun ársnemenda.

Hvernig verður matið nýtt? Markmiðið er að bæta skólastarfið og vinna með mælanlega markmið til næstu ára og beita beinum aðgerðum ef þurfa þykir.

Lokaorð

Unnið er því að gera sjálfsamt að mikilvægum þætti skólastarfsins í MÍ. Markmiðið er að byggja upp altækt og fjölbreytt sjálfsmatskerfi þar sem allir, bæði starfsfólk og nemendur, taka virkan þátt í að meta skólastarfið og setja fram tillögur um úrbætur. Lögð hefur verið áhersla á að sjálfsmatið sé eðlilegur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu auk þess sem unnið er að því að brydda upp á nýjungum og þróa matið áfram.

Ísafirði, 5. október 2010

Guðrún Á. Stefánsdóttir